

Úrskurður 7/2005.

Kærð er breyting tollstjóra á tollflokkun á súkkulaði og súkkulaðikexi sem innflytjandi segir fyrir sykursjúka. Kærandi krefst þess að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og flokkun hans viðurkennd. Ríkistollanefnd vísaði málinu frá.

Með bréfi, dags. 11. maí 2005, sem barst nefndinni 17. s.m. kærir L., f.h. Ó. úrskurð tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 25. febrúar 2005, sem að hluta var leiðréttur með bréfi þann 16. mars 2005. Í hinum kærða úrskurði breytir tollstjóri tollflokkun á súkkulaði og súkkulaðikexi sem innflytjandi hafði flokkað um árabíl í tnr. 1806.9022, þ.e. sem súkkulaði fyrir sykursjúka. Tollstjóri hafnar þessari tollflokkun og telur að ekki komi fram á umbúðum vörunnar að varan sé sérstaklega framreidd fyrir sykursjúka. Kærandi krefst þess að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og flokkun hans viðurkennd sem rétt.

Í kærinni segir m.a. að upphaflegi úrskurður tollstjóra frá 25. febrúar 2005 hafi verið óskiljanlegur og eftir samskipti við embætti tollstjóra hafi kæranda verið sendur leiðréttur úrskurður, dags. 16. mars s.l. Kærandi vísar til 27. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sér í lagi 4. mgr. þeirra og telur að kærufrestur teljist frá leiðréttri ákvörðun kærða. Kröfur kæranda eru að ríkistollanefnd úrskurði að endurákvörðun tollstjóra á aðflutningsgjöldum á Frankonia súkkulaði fyrir sykursjúka sé röng og felli hana úr gildi eða breyti henni.

Kærandi segir umbjóðanda sinn hafa flutt inn ýmiss konar matvæli um árabíl og fyrir nokkrum misserum hafið innflutning á súkkulaði fyrir sykursjúka framleitt af Frankonia Schokoladenwerke GmbH í Þýskalandi. Það hafi verið dagana 27. september 2004, 11. nóvember 2004 og 20. desember 2004, sem tollstjóraembættið hafi tilkynnt um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna innflutnings á nokkrum sendingum af súkkulaði fyrir sykursjúka framleitt af Frankonia Schokoladenwerke GmbH í Þýskalandi. Þegar endanleg endurákvörðun hafi legið fyrir (þann 16. mars) hafi innflytjandi greitt þau með fyrirvara nokkrum dögum síðar.

Þá segir í kærinni að tollstjóri telji flokkun innflytjanda ekki rétta og byggi þá skoðun á að á umbúðum vörunnar komi fram eftirfarandi texti: "Also suitable for Diabetics in consultation with their physician. However not suitable for the over weight diabetics." Af þessum orðum dragi tollstjóri þá ályktun að varan sé ekki eingöngu framleidd fyrir sykursjúka. Kærandi mótmælir þessari túlkun tollstjóra.

Kærandi segir að sú fullyrðing að varan sé ekki eingöngu framleidd fyrir sykursjúka komi hvergi fram á umbúðum vörunnar. Af setningunum megi ekki ráða þá staðhæfingu sem fram komi hjá tollstjóra að „varan sé ekki eingöngu framleidd fyrir sykursjúka.“ Hið rétta sé að varan sé hæf fyrir sykursjúka í samræði við lækni. Varan sé hins vegar ekki hæf fyrir of þunga sykursjúklinga. Þegar af þessari ástæðu einni sé augljós niðurstaða að innflytjandi hafi tollflokkað umrædda vöru rétt og endurákvörðun tollstjóra eigi því ekki við rök að styðjast.

Kærandi vísar til túlkunarreglna tollskrár og telur með vísan til þeirra að Frankonia súkkulaðið hafi þá sérstöðu að við framleiðslu þess sé notaður frúktósi í stað sykurs. En það að nota frúktósa sé helsta einkenni vöru sem skilji hana frá vörum sem falla í tollflokkinn 1806.3202. Ástæða þess að innihaldsefnið frúktósi sé í vörunni sé sú og einungis sú að varan sé framleidd fyrir sykursjúka, sbr. yfirlýsingu framleiðandans þar um. Með því að fella umrædda vöru í tollflokk 1806.9022 sé verið að flokka Frankonia súkkulaði fyrir sykursjúka samkvæmt nákvæmstu vörulýsingu, sbr. túlkunarreglu nr. 3.a. og einnig samkvæmt því sem helst einkennir vöruna, sbr. túlkunarreglu nr. 3. b.

Þá segir í kærinni að í bréfum frá tollstjóra, í tengslum við málið, komi fram að byggt sé á þeim áskilnaði að vara þurfi að vera sérstaklega tilreidd fyrir sjúka (sykursjúka). Kærandi telur svo vera um Frankonia súkkulaði. Kærandi vísar til þess að varan sé einungis flutt inn til landsins til sölu fyrir sykursjúka og komi varan í stað venjulegra súkkulaðistykkja fyrir þá sem séu sykursjúkir og geti að öðrum kosti ekki borðað hefðbundin súkkulaðistykki. Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til þess að tilgangur löggjafans með tollflokki nr. 1806.9022 sé sá að lækka aðflutningsgjöld af vörum sem annars eru tiltölulega há, þegar vörur eru sérstaklega tilreiddar fyrir börn og sjúka. Þessu til stuðnings vísar kærandi til barnamats og segir að sú vara sé sérstaklega tilreidd fyrir börn. Rétt eins og barnamat sé fyrir börn sé hann ekki

hættulegur fyrir fullorðna þó hann sé framleiddur fyrir börn. Sama eigi við um vöru þá sem hér sé til umfjöllunar hún sé sérstaklega framleidd og tilreidd fyrir sykursjúka en þeir sem ekki eru sykursjúkir látast ekki né slasast við að borða hana.

Kærandi vísar til rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Kærði hefði átt að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því og væntir að ríkistollanefnd rannsaki efnisatriði málsins áður en ákvörðun er tekin. Ennfremur er vísað til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og áréttað að stjórnvaldi beri að velja leið sem er vægust fyrir aðila og aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti.

Að lokum vísar kærandi til þess að of dýrt yrði að sérpakka vörunni samkvæmt reglum íslenskra töllyfirvalda, markaður hér á landi sé of lítil til að það væri réttlætjanlegt. Staðfesti ríkistollanefnd úrskurð tollstjóra um flokkun vörunnar séu forsendur fyrir innflutningnum brostnar. Kærandi telur með vísan til ofangreinds að Frankonia súkkulaði fyrir sykursjúka hafi ekki verið rangt flokkað með vísan til almennra túlkunarreglna tollskrár. Kærandi telur að umrædd endurákvörðun sé byggð á misskilningi vegna þess að rannsóknarregla stjórnsýslulaga hafi ekki verið virt og gerir þá kröfu að ríkistollanefnd ákvarði tollflokkan vörunnar með ofangreind sjónarmið í huga. Þess er krafist að ríkistollanefnd úrskurði að endurákvörðun tollstjóra sé röng og þess krafist að ríkistollanefnd úrskurði að Frankonia súkkulaði fyrir sykursjúka flokkist í tnr. 1806.9022.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar skv. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 55/1987 með bréfi þann 19. maí 2005. Í svari sem barst nefndinni þann 8. júní s. á. segir tollstjóri m.a. að ágreiningurinn snúist um endurákvörðun á eftirtöldum sendingum sem komu til landsins á tímabilinu 8. maí 2001 til 13. apríl 2004:

S HEG 25 03 3 DE CUX W023	E DET 20 11 1 DE HAM W037
S HEG 21 10 3 DE CUX W001	S HEG 17 09 2 DE CUX W019
S HEG 12 08 3 DE CUX W006	S HEG 11 03 3 DE CUX W015
S HEG 03 06 3 DE CUX W019	S ARN 23 12 3 DE CUX W005
S ARN 18 12 2 DE CUX W007	S ARN 13 04 4 DE CUX W021
S ARN 10 02 4 DE CUX W001	S ARN 05 02 3 DE CUX W007
E GOD 12 02 2 DE HAM W057	E GOD 06 05 2 DE HAM W083
E GOD 03 09 1 DE HAM W088	E GOD 02 07 2 DE HAM W056
E DET 08 05 1 DE HAM W070	E DET 24 09 1 DE HAM W069

Málavextir séu á þann veg að með bréfum embættisins, dags. 27. september 2004, 11. nóvember 2004 og 20. desember 2004, hafi innflytjanda verið tilkynnt um að fyrirhuguð væri endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna framangreindra sendinga.

Í framangreindum bréfum voru tilgreindar athugasemdir sem eftirlitsdeild embættisins hafði gert við framangreindar sendingar. Eftirlitsdeild embættisins gerði m.a. þá athugasemd að súkkulaði væri ranglega tollflokkað í tollskrárnúmer 1806.9022 sem súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakó,-annað,-annað,---fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn og sjúka. Að mati embættisins bar að tollflokka umrædda vöru m.a. í tollskrárnúmer 1806.3202, 1806.3101 og 1806.3109 með vísan til túlkunarreglu 1 og 6 við tollskrá samanber tollflokkan embættisins nánar í áðurnefndum bréfum. Í framangreindum bréfum embættisins var fyrirvarsmönnum Ó. gefið færi á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Bárust embættinu andmæli frá innflytjanda og lögmanni innflytjanda. Framangreind andmæli og svör embættisins við þeim eru ítarlega útlistuð í úrskurði embættisins, dags. 25. febrúar s.l., og er vísað til úrskurðarins hvað þetta varðar. Tollstjóri féllst ekki á andmæli innflytjanda og úrskurðaði um endurákvörðun aðflutningsgjalda framangreindra sendinga þann 25. febrúar s.l. Þann 14. mars barst embættinu síðan erindi frá lögmanni innflytjanda vegna úrskurðar um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 11. mars s.l. Í bréfinu er með vísan til dráttar málsins og sjónarmiða um sanngirni farið fram á að dráttarvextir verði felldir niður. Með bréfi embættisins, dags. 16. mars 2005, var fallist á að dráttarvextir yrðu reiknaðir til 12. október 2004 (sá dagur er fyrst hefði átt að vera mögulegt að úrskurða í málinu) og lækkuðu því dráttarvextir um kr. 154.637,00. Þá var innflytjanda einnig bent á að samtölur á sundurliðunarblaði embættisins væru rangar og var innflytjanda sent leiðrétt sundurliðunarblað.

Tollstjóri gerir þá kröfu að kæru kæranda til ríkistollanefndar verði vísað frá sökum þess að kærufrestur málsins sé liðinn. Í niðurlagi úrskurðar embættisins frá 25. febrúar s.l., var kærufrestur til ríkistollanefndar getið en þar segir að úrskurðurinn sé kærannlegur til ríkistollanefndar, og að kærufrestur sé 60 dagar talið frá póstlagningardegi bréfsins, sbr. 1.

mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Þá var tilgreint að sá hluti úrskurðarins er laut að dráttarvöxtum væri kæránlegur til fjármálaráðuneytisins, Arnarholvi, 150 Reykjavík og að kærufrestur væri 60 dagar talið frá póstagningardegi bréfs þessa, sbr. 102. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Voru kærufrestir þessir ítrekaðir í bréfi embættisins, dags. 16. mars s.l.

Eins og að framan er rakið barst embættinu þann 14. mars s.l., bréf frá lögmanni innflytjanda, dags. 11. mars s.l., sem bar yfirskriftina "Erindi vegna úrskurðar um endurákvörðun aðflutningsgjalda". Í bréfinu var með vísan til dráttar málsins og sjónarmiða um sanngirni farið fram á að dráttarvextir yrðu felldir niður. Með bréfi embættisins, dags. 16. mars 2005, sem bar yfirskriftina "Varðar úrskurð tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 25. febrúar 2005" var fallist á að dráttarvextir yrðu reiknaðir til 12. október 2004 og voru dráttarvextir því lækkaðir. Þá var innflytjanda einnig bent á að samtölur á sundurliðunarblaði embættisins væru rangar og var innflytjanda sent leiðrétt sundurliðunarblað.

Tollstjóri telur að aðeins hafi sá hluti málsins er lýtur að ákvörðun dráttarvaxta verið endurupptekinn með bréfi embættisins, dags. 16. mars s.l. Ljóst sé að í bréfi lögmanns innflytjanda, dags. 11. mars s.l., hafi ekki verið farið formlega fram á endurupptöku málsins, hvorki í heild né að hluta. Erindi lögmanns innflytjanda hafi aðeins lotið að ákvörðun dráttarvaxta og telur tollstjóri því að endurupptaka málsins hafi aðeins lotið að ákvörðun dráttarvaxta. Ekki hafi verið gerðar athugasemdir í nefndu bréfi við önnur efnisatriði málsins og ekki var sýnt fram á nein atvik sem leitt gætu til endurupptöku þeirra, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Það er mat tollstjóra að bréf embættisins, dags. 16. mars s.l., leiði því aðeins til þess að kærufrestur til fjármálaráðuneytisins, að því er varðar ákvörðun um dráttarvexti á umræddar sendingar, byrjaði að líða að nýju frá 16. mars 2005, sbr. 4. mgr. 27. gr. stjórnarsýslulaga. Tollstjóri telur að þar sem önnur efnisatriði málsins voru ekki endurupptekin þá beri að líta svo á að kærufrestur sé hinn sami og tilgreindur var í úrskurði embættisins, dags. 25. febrúar s.l., sbr. ítrekun í bréfi embættisins frá 16. mars s.l. Því verði að líta svo á að kærufrestur til ríkistollanefndar hafi runnið út þann 25. apríl 2005. Úrskurður tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 25. febrúar 2005, hafi hins vegar ekki verið kærður til ríkistollanefndar, fyrr en með bréfi, dags. 11. maí 2005, en tilvitnað bréf sé mótttekið hjá ríkistollanefnd þann 17. maí s.l., rúmum þremur vikum eftir að kærufrestur málsins rann út. Tollstjóri telur að ekki hafi fram komið ástæður er afsaki það að kæra hafi ekki borist fyrr, sbr. 28. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum.

Í ljósi alls framangreinds krefst embættið þess aðallega að kæru umboðsmanns innflytjanda verði vísað frá ríkistollanefnd þar sem hún barst ekki innan kærufrests, sbr. 28. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Telji ríkistollanefnd að taka beri málið til efnislegrar umfjöllunar krefst tollstjóri þess til vara að málið verði sent embættinu aftur til umsagnar svo unnt sé að útlista sjónarmið embættisins varðandi efnisatriði málsins.

Umsögn tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi. dags.8. júní 2005. Í svari sem barst nefndinni þann 24. s.m. vísar kærandi til rannsóknarreglu og leiðbeiningarskyldu stjórnarsýslulaga og til þess að tollstjóri hefði átt að sjá til þess að mál væri nægjanlega upplýst þegar ákvörðun var tekin og að kæranda bærust réttar upplýsingar. Þá er vísað til 27. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. meðalhöfsreglu 12. gr. sömu laga. Stjórnvaldi beri að velja leið sem er vægust er fyrir aðila og aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögsmætu markmiði sem að er stefnd verður ekki náð með öðru og vægara móti. Að lokum eru fyrri kröfur ítrekaðar og þess krafist að ríkistollanefnd taki málið til efnislegrar umfjöllunar.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir gögn þess. Málavextir eru þeir að tollstjóri gerði athugasemdir við 18 nánar tilgreindar vörusendingar kæranda sem fluttar voru til landsins og tollafgreiddar á tímabilinu 8. maí 2001 til 13. apríl 2004. Leiddu athugasemdir tollstjóra til þess að hann úrskurðaði um endurákvörðun aðflutningsgjalda á sendingunum með úrskurði, dags. 25. febrúar 2005. Í úrskurðinum er skýrt tekið fram að hann sé kæránlegur til ríkistollanefndar innan 60 daga talið frá póstagningardegi, sbr. 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Jafnframt er tekið fram að sá hluti úrskurðarins sem lýtur að dráttarvöxtum sé kæránlegur til fjármálaráðuneytisins, og gildir einnig 60 daga kærufrestur um þá kæru.

Með bréfi kæranda, dags. 11. mars 2005, er barst tollstjóra hinn 14. mars s.á. fer kærandi fram á að dráttarvextir vegna endurákvörðunar gjalda, sbr. úrskurð tollstjóra, dags. 25. febrúar 2005, verði felldir niður með vísan til þess að afgreiðsla málsins hafi dregist óeðlilega. Í þessu

erindi kæranda er hins vegar ekkert minnst á hina efnislegu niðurstöðu málsins, þ.e. tollflokkunina sem slíka, né úrskurðinn að öðru leyti.

Tollstjóri svaraði kæranda með bréfi, dags. 16. mars 2005 og segir m.a. að innflytjanda hafi fyrst verið tilkynnt um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda með bréfi, dags. 27. september 2004 og hafi þá verið veittur andmælaréttur til 12. október s.á. Ennfremur segir að í ljósi þeirra tafa sem orðið hafa á málinu og með tilliti til meðalhófsreglu stjórnslulaga nr. 37/1993 hafi embætti tollstjóra fallist á að dráttarvextir verði reiknaðir til 12. október 2004, en það er sá dagur sem embættinu hefði fyrst átt að vera mögulegt að úrskurða í málinu. Lækka dráttarvextir af framangreindum ástæðum um kr. 154.637,00." Jafnframt tekur tollstjóri fram að samtölur lóðréttra dálka á sundurliðunarblaði, er fylgdu með úrskurði embættisins, dags. 25. febrúar 2005, hafi verið rangar, og lætur fylgja með svarbréfinu leiðrétt sundurliðunarblað. Að lokum ítrekar tollstjóri sérstaklega að úrskurður embættisins frá 25. febrúar 2005 sé kærانlegur til ríkistollanefndar, en sá þáttur úrskurðarins sem lýtur að dráttarvöxtum sé kærانlegur til fjármálaráðuneytisins. Kærufrestur í báðum tilvikum sé 60 dagar talið frá póstlagningu úrskurðar.

Með bréfi, dags. 11. maí 2005, kærir kærandi endurákvörðun tollstjóra sem birtist í úrskurði tollstjóra, dags. 25. febrúar 2005. Kæra kæranda var send til umsagnar tollstjóra með bréfi, dags. 19. maí 2005, sbr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum.

Tollstjóri svaraði ríkistollanefnd með bréfi, dags. 7. júní 2005, er barst nefndinni þann 8. júní. Tollstjóri fer ekki efnislega í gegnum málið en krefst þess aðallega að ríkistollanefnd vísi kæru kæranda frá þar sem kærufrestur sé liðinn. Að mati tollstjóra rann kærufresturinn út þann 25. apríl 2005.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur ríkistollanefnd ljóst að kærufrestur hafi verið liðinn fyrir allöngu þegar kæra kæranda barst til nefndarinnar. Að mati ríkistollanefndar rann kærufrestur út þann 25. apríl 2005, þ.e. 60 dögum frá póstlagningu úrskurðar dags. þann 25. febrúar 2005. Ríkistollanefnd fellst á aðalkröfu tollstjóra og vísar málinu frá nefndinni án þess að taka efnislega afstöðu í málinu.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, úrskurðar ríkistollanefnd að erindi L..., f.h. Ó. uppfylli ekki skilyrði 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 um frest til að kæra ákvörðun tollstjóra og er því vísað frá ríkistollanefnd.